

# Foreldrafélag Glerárskóla

**20. mars 2018**

Fundur var settur kl 20:00

Mættir: Brynja, Vilborg, Alma, Rakel, Atli, Hugrún og Edda.

1. Fyrsta mál á dagskrá var að ræða sparkvöllinn á lóð Glerárskóla. Ekki hefur fengist almennilegt svar frá bænum við fyrirspurn okkar um kurlið sem er notað á sparkvöllinn. Alma ætlar að fylgja því eftir og fá betri svör um hvort bærinn geti tekið það að sér að skipta út kurlinu þar sem það er talið heilsuspillandi og skemmir fatnað hjá börnunum.
2. Næst var rætt um sýninguna pörupiltar, en það er fræðsla fyrir unglingastigið og var samþykkt á fundinum að foreldrafélagið í Glerárskóla muni sjá um kostnaðinn af því sem er um 75.000 kr. Nokkur Foreldrafélög hjá öðrum skólum á Akureyri hafa staðfest að þau muni einnig greiða fyrir þessa fræðslu fyrir sína nemendur.
3. Þá var farið yfir annan kostnað sem foreldrafélagið greiðir, greidd verða leikstjóraaun vegna sýningar hjá 9. bekk og einnig þarf að sjá um hluta af vorhátíð. Íþróttakennarar Glerárskóla lögðu fram beiðni um að foreldrafélagið myndi kaupa fótboltahring fyrir kennsluna. Tekin var ákvörðun um að reyna að fá tilboð í fótboltahringina og sjá hvort hægt sé að kaupa tvö stk og nýta þá á vorhátíðinni í staðinn fyrir hoppukastala.
4. Að lokum var farið yfir ýmis atriði varðandi vorhátíðina en hún verður haldin þann 1.júní kl 11-13. Verið er að skoða verð á fótboltahringjum og hoppukastala fyrir hátíðina og síðan verður tekin ákvörðun um hvort verður fyrir valinu. Farið var yfir þau atriði sem hafa verið á síðustu vorhátíðum og ákveðið var að skoða nýjar hugmyndir og halda annan fund þar sem tekið verður ákvarðanir um hvað verður í boði á vorhátíðinni.

Fundur var slitið 21:00

Rakel Ósk Jensdóttir, ritari.